

Ed.

102. Tillaga

til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að greiða meðgjöf með fávítum á fávítahælinu að Sólheimum í Grímsnesi.

Flutningsm.: Guðrún Lárusdóttir.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja allt að 12500 kr. á ári til þess að greiða meðlag með fávítum frá efnalitlum heimilum, sem komið er fyrir á fávítahælinu að Sólheimum í Grímsnesi. Þó skal ekki greiða meira en 500 kr. á ári með hverjum einstökum fávíta.

G r e i n a r g e r ð .

Um þessar mundir er verið að ljúka byggingu á fyrsta fávítahæli á Íslandi, að Sólheimum í Grímsnesi. Munu fáir mæla, að það sé ótímabær eða óþörf stofnun, hvort sem litið er á hag fávítanna, heimila þeirra eða 50—80 ára gamlar framkvæmdir annara þjóða fávítum til líknar og leiðbeiningar. Alþingi hefir og sýnt, að það vill ekki, að vér Íslendingar séum lengur eftirbátar annara þjóða í þessum efnunum, og samþykkti í fyrra að veita fyrrnefndu hæli nokkurn byggingarstyrk.

Fávítahælið er sjálfseignarstofnun, er vandað steinhús og tekur 25—30 manns. Forstöðukona þess og erlend aðstoðarkona hennar hafa dvalið árum saman við hjúkrun og kennslu á erlendum fávítahælum.

Nú bendir margt á, að allmargir fávítar geti ekki komizt á hæli þetta fyrir féleysi aðstandenda þeirra, þar sem meðgjöfin með þeim á hælinu verður 80—100 krónur á mánuði, — svipað og tíðkast á erlendum fávítahælum. Fyrir því er hér farið fram á, að ríkisstjórninni sé heimilað að greiða nokkurn hluta af meðlaginu úr ríkissjóði, þegar fátækir eiga hlut að máli. Virðist það eðlilegt og sanngjarnt, þegar litið er til þess stuðnings, sem ríkissjóður veitir til kennslu daufdumbra og hælsvistar fyrir geðveikt fólk.